

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



Forsíðumyndin



Teitur Davíðsson og Jóhannes Kristjánsson starfsmenn Skóg-ræktarinnar á Vöglum prýða forsíðuna. Myndina tók Aðalsteinn Á. Baldurson.

Frábærar móttökur í Noregi



Fulltrúar úr stjórn og trúnaðarmannaráði Framsýnar fóru í haust í velheppnaða kynnis- og námsferð til Noregs. Hópurinn dvaldi í fjóra daga í Osló til að kynna sér starfsemi verkalyðshreyfingarinnar í Noregi. NNN(Norsk Nærings- og Nytelsesmiddelarbeiderforbund), sem eru systursamtök Starfsgreinasambands Íslands, tóku við hópnum fyrsta daginn og kynntu fyrir þeim lög og reglur sem gilda á vinnumarkaðinum í Noregi. Jafnframt var farið yfir uppbyggingu starfsmenntasjóða og verkalyðshreyfingarinnar í Noregi auk þess sem umræður urðu um Evrópusambandið. Um kvöldið bauð NNN síðan gestunum frá Íslandi til hátíðarkvöldverðar. Daginn eftir var hópnum boðið að skoða Tine Kaldbakken, sem er

fyrirtæki í mjólkuriðnaði í nágrenni Osló. Fyrirtækið er það stærsta í Noregi og í þessari verksmiðju, sem er ein af sjö verksmiðjum fyrirtækisins, er unnið úr 300-500 þúsund lítrum af mjólk á dag. Einn dagur var síðan notaður til að skoða borgina og næsta nágrenni auk þess sem fulltrúar Framsýnar fóru í heimsókn til AOF sem starfar á vegum Norska Alþýðusambandsins og sér um mennta-, kynningar- og menningarstarfsemi á vegum hreyfingarinnar. Að lokum var síðan hópnum boðið í heimsókn á íslenskt heimili í Bærum. Ferðin heppnaðist vel í alla staði og voru móttökurnar í Noregi frábærar. Á myndinni má sjá hópinn saman komin við Tine Kaldbakken ásamt Jan Egil formanni NNN.

Íslenskuspilið í alla skóla



Framsýn afhenti nú fyrir helgina grunnskólum og framhaldsskólum á félagsvæðinu Íslenskuspilið að gjöf, samtals níu skólum. Hér má sjá skólastjórana Halldór Valdimarsson og Sólveigu

Jónsdóttur taka við gjöfinni auk Huldar Aðalbarnardóttur Fræðslu og menningarfulltrúa Norðrþings. Forsvarsmenn skólanna þökkðu fyrir höfðinglegar gjafir sem kæmu að góðum notum í starfi skólanna.

Gaman og alvara



Mennta- og stjórnsýsluþingmenn sýna vel á síðasta fundi Framsýnar.

Síðastliðin laugardag kom stjórn og trúnaðarmannaráð Framsýnar saman til síðasta fundar ársins. Trúnaðarmönnum félagsins var einnig boðið að taka þátt í fundinum sem fór vel fram. Fyrst var byrjað á almennum fundarstörfum og síðan tók við hangikjötsveisla og skemmtiatriði fram eftir kvöldi. Hefð er fyrir því að hópurinn skemmti sér saman að afloknum síðasta fundi

ársins. Félagsstarf Framsýnar er mjög öflugt og auðvelt er að fá félagsmenn til að starfa fyrir félagið. Til viðbótar má geta þess að formaður Verkalyðsfélags Akraness ávarpaði fundinn og fór nokkrum orðum um verkalyðsmál auk þess að þakka stjórn Framsýnar fyrir frábært samstarf og starf í þágu verkafólks á Íslandi.

Jóla­kveðja

Stjórnir og starfsmenn
stéttarfélaganna í Píngeyjarsýslum
óska félagsmönnum sínum
og fjölskyldum þeirra, öðrum
Píngeyjngum og landsmönnum
öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Framsýn-stéttarfélag
Starfsmannafélag Húsavíkur
Verkalyðsfélag Þórshafnar
Píngið

Austanmenn almennt jákvæðir

Framsýn stéttarfélag hefur undanfarið heimsótt fyrirtæki og stofnanir þar sem félagsmenn starfa. Hægt er að nálgast góða umfjöllun um heimsóknirnar á heimasíðu stéttarfélaganna framsyn.is Heimsóknunum verður fram haldið næstu vikurnar og stefnt er að því að heimsækja sem flesta vinnustaði á félagssvæðinu. Í Fréttabréfinu eru nokkrar myndir og frásagnir úr heimsóknum Framsýnarmanna.



Fyrsti viðkomustaðurinn í fundaherferð Framsýnar var Rífós sem rekur myndarlegt fiskeldisfyrirtæki í Kelduhverfi. Þar var fulltrúum Framsýnar, þeim Aðalsteini formanni og Jónínu Hermanns starfsmanni stéttarfélaganna boðið upp á hafragraut og slátur sem smakkaðist vel. Gunni Skarphéðins starfsmaður Flytjanda var einnig í heimsókn og lagði ýmislegt til málanna. Starfsmenn völdu að ræða um atvinnu- og kjaramál. Ástandið í verkálýðshreyfingunni og rjúpnaveiðar báru einnig á góma. Fram komi í máli starfsmanna að rekstur fyrirtækisins gengur vel og voru þeir bjartsýnir á framtíð þess.



Starfsdagur var í Grunnskólanum í Lundi þegar fulltrúar Framsýnar gerðu sig heimakomna og námskeið í gangi. Um 80 nemendur og kennarar starfa við skólann. Sest var niður með þeim starfsmönnum sem eru félagsmenn í Framsýn auk þess sem farið var yfir málin með skólastjóranum. Umræður urðu um skólamál í Öxarfirði, kjara- og þjóðfélagsmál. Fulltrúar Framsýnar enduðu á því að snæða með starfsmönnum skólans áður en þeir héldu ferð sinni áfram.

Dyrnar opnast, matarlykt og góður andi tekur á móti gestunum. Rúnar Þórarins og Ágústa í Garði sitja innan við og bjóða upp á súkkulaði. Velkominn í Fjallalamb. Björn Víkingur framkvæmdastjóri tók því næst við gestunum og leiddi þá um fyrirtækið. Sláturtíð var nýlengið en rúmlega 30 þúsund fjár var slátrað hjá fyrirtækinu. Mikið hefur verið að gera og vörur fyrirtækisins seljast vel. Létt var yfir starfsfólkinu sem vildi fá að vita um ástæður þess að skipt var um sviðstjóra Matvælasviðs hjá Starfsgreinasambandinu en þessi spurning var mjög algeng á vinnustöðum enda botnuðu menn ekkert í þessum vinnubrögðum. Fjallalamb leggur mikið upp úr nýjungum. Fulltrúum Framsýnar var gefið að smakka góðar kjötvörur



auk þess sem þeir fengu að taka með sér prufur heim til Húsavíkur. Því næst var komið að því að kveðja og þakka fyrir sig, næst skyldi haldið í Akursel.



Benedikt yfirmaður Silfurstjörnnunnar og Olga Gísla matráður og sitt hvað fleira, opnuðu fyrir Framsýnarmönnum og fræddu þau um starfseminna sem gengur vel. Fyrir utan biðu starfsmenn á plani, þeir Tomas og Óli Jón, tilbúnir að sýna Aðalsteini og Jónínu laxa, lúður og sandhverfur sem fyrirtækið ræktar og selur á markaði á Íslandi og eins í útlöndum. Þeir sögðu mikið að gera og ánægjulegt að taka þátt í uppbyggingu Silfurstjörnnunnar. Jákvæðir og skemmtilegir piltar.



Ingimar og Skúli Þór eru báðir miklir fagmenn og starfa hjá fyrirtækinu Röndinni á Kópaskeri. Þar gera þeir við bíla og flest það sem bílar og þarf að laga á Kópaskerssvæðinu. Þeir voru jákvæðir að vanda og kvörtuðu ekki. Þeir sögðust binda miklar vonir við nýja veginn sem tengja á Öxarfjörðinn betur við Raufarhöfn og Þórshöfn. Með tengingunni fengu þeir vonandi fleiri verkefni. Boðið var upp á nýlegt kaffi og góðar umræður. Nokkrir góðir gestir litu við til að virða fyrir sér furðufuglanna frá Húsavík. Allt í góðu.



Það er mikil og góð upplifun að koma í Akursel í Öxarfirði, en þar rækta hjónin Sigurbjörg Jónsdóttir og Stefán Gunnarsson lífrænar gulrætur sem þau hafa m.a. fengið verðlaun fyrir. Fulltrúar Framsýnar áttu ánægjulega stund með heiðurshjónunum og starfsmönnum fyrirtækisins sem gáfu sér góðan tíma til að ræða við gestina um ræktunina og byggða- og atvinnumál. Í máli Stefáns kom fram að um 140 tonn af lífrænum gulrótum hafi verið tekin upp úr gördum Akursels í haust sem seldust mjög vel. Það er góður andi í Akurseli og starfsmenn og ábúendur greinilega ánægðir með lífið og tilveruna. Eftir notalega stund var staðið upp frá kaffiborðinu til að halda heim á leið eftir velheppnaðan dag. Á leiðinni út laumaði Stefán og Sigurbjörg gulrótarpoka að þeim Aðalsteini og Jónínu að gjöf. Fulltrúar Framsýnar vilja þakka öllum þeim sem tóku á móti þeim í heimsóknum félagsins í Öxarfjörð og Kelduherfi fyrir frábærar móttökur. Takk fyrir.

Raufarhöfn heimsótt

Fulltrúar Framsýnar voru komnir snemma morguns til Raufarhafnar í nóvember. Fyrsti viðkomustaður var GPG-Fiskverkun þar sem sest var niður með starfsmönnum í kaffitímanum og farið yfir dægurmálin og boðið upp á tertu. Því næst var haldið í Heimskautagerðið þar sem framkvæmdir standa yfir. Að sögn Guðmundar S. Ólafssonar verktaka ganga framkvæmdirnar vel og verður þeim haldið áfram í veturna ef veður leyfir. Það er afar ánægjulegt að hugmynd Erlings hóteltstjóra á Raufarhöfn sé að verða að veruleika og á örugglega eftir að draga marga ferðamenn til Raufarhafnar. Tómas hafnarvörður tók við og gerði fulltrúum Framsýnar

grein fyrir starfsemi áhaldahússins á Raufarhöfn en þar er einnig aðstaða fyrir sjúkrabíl og slökkvibíl. Það sem vakti strax athygli var hvað starfsmennirnir ganga vel um áhaldahúsið. Framsýn gefur þeim 10+ fyrir umgengni og velur vinnustaðinn þann þrífalegasta í Pingeyjarsýslum. Síðan var komið við hjá starfsmönnum sparishóðsins á Raufarhöfn, versluninni Urð og síðast en ekki síst í Grunnskóla Raufarhafnar. Þar var eins og alls staðar tekið vel á móti gestunum frá Húsavík. Jóhanna skólastjóri fór yfir starfsemi skólans og blönduðu aðrir starfsmenn sér inn í þá umræðu. Takk fyrir okkur.



Vegna hráfnisskorts var frekar rólegt hjá starfsmönnum GPG á Raufarhöfn í nóvember. Starfsmenn vonuðust eftir betri tíð og þar með meiri fiski.



Óskar og Tómas starfa báðir hjá Norðurlþingi á Raufarhöfn. Þeir buðu fulltrúum Framsýnar að skoða Ábaldahús Norðurlþings sem er án efa smyrtilægasta ábaldahús á Íslandi. Þess má geta að Tómas er trínaðarmaður starfsmanna Norðurlþings á Raufarhöfn.



Það var mikið um að vera í Grunnskólanum á Raufarhöfn þegar börnin voru í hádegismat. Matrædurinn sá um að allir fengu nóg að borða.

Kraftmikið atvinnulíf á Þórshöfn

Töluverður uppgangur hefur verið á Þórshöfn undanfarin ár, ekki síst á sviði sjávarútvegs og þar ríkir bjartsýni. Fulltrúar Framsýnar og Verkalyðsfélags Þórshafnar fóru saman í vinnustaðaheimsóknir á

Þórshöfn um miðjan nóvember auk þess að funda með sveitarstjóra Langanesbyggðar. Gestunum frá Framsýn og VP var alls staðar tekið mjög vel.



Hamar rekur verkstaði á Þórshöfn. Þar ræður Sveinn sem er attaður úr Kelduhverfi. Hann fór yfir starfsemi fyrirtækisins og upphýgginguna á Þórshöfn.



Það er þrífalegt á Þórshöfn. Hér eru tveir af starfsmönnum breppsins að snyrta beð við höfnustöðvar Langanesbyggðar.



Tveir kjarnakonur. Svala núverandi formaður Verkalyðsfélags Þórshafnar er hér ásamt fyrrverandi formanni félagsins sem er Karen sem á m.a. Fánasmíðjuna á Þórshöfn ásamt fjölskyldu.

Desemberuppbót/ persónuuppbót

Hægt er að nálgast upplýsingar um desemberuppbót starfsmanna inn á heimasíðu stéttarfélaganna framsyn.is.

Stéttarfélagin
í Pingeyjarsýslum



Skrifstofa stéttarfélaganna | Garðarsbraut 26 | 640 Húsavík | Sími: 464 6000 | Fax: 464 6601 | Framsyn.is

Vetrarlegt í Reykjadal



Þau starfa öll við Litlulaugaskóla. Þau eru, Halla Grímsdóttir, Aðalsteinn Pétursson og Gerður Kristjánsdóttir. Þau eru alltaf þress þrátt fyrir að já stundum óboðna gesti eins og formann Framsýnar í heimsókn.

Það var vetrarlegt í Reykjadal þegar fulltrúi Framsýnar var þar á ferð. Komið var við á skrifstofu Pingeyjarsveitar, Sparisjóðnum, Litlulaugaskóla, Leikskólanum Krílabæ og hjá Framhaldsskólanum á Laugum. Fulltrúa Framsýnar var að venju tekið vel og greinilegt er að félagsmenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana kunna að meta átak Framsýnar um að heimsækja

sem flest fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á starfssvæði félagsins. Tryggvi sveitarstjóri Pingeyjarsveitar fór yfir stöðu sveitarfélagsins, skólamál í sameinuðu sveitarfélagi, atvinnumál og sveitarstjórnarmál. Þá var ánægjulegt að heimsækja Litlulaugaskóla og leikskólann á Laugum. Svo ekki sé talað um Framhaldsskólann á Laugum.

Öflugt skólahald á Laugum



Kristján kokkur og Jóna buðu nemendum upp á þrírættada máltíð og að sjálfsögðu graut í eftirrétt. Það fer enginn svangur frá því ágæta fólki sem starfar í eldhúsinu.

Formaður Framsýnar fór nýlega í heimsókn í Framhaldsskólann á Laugum. Valgerður Gunnarsdóttir skólameistari tók vel á móti gestinum og gerði honum grein fyrir starfsemi skólans og sveigjanlegu námsumhverfi. Með sveigjanlegu námsumhverfi er átt við að nemendur stundi nám sitt í opnu vinnurými undir verkstjórn kennara, auk þess sem kennarar eru með kennslustundir með sínum hóp. Þetta kallar á aðrar og fjölbreyttari námsaðferðir. Engar eyður eru í stundaskrá nemenda og það gefur nemandanum færi á að nýta tíma sinn betur, bæði til náms og tómstunda. Hefðbundinn skóladagur hefst klukkan 08:30 og líkur eigi síðar en 15:30. Að honum loknum gefst nemendum kostur á að sinna félags- og tómstundastörfum. Gert er ráð fyrir því að nemendur ljúki alla jafna vinnu sinni innan hefðbundins skóladags. Mjög góð aðstaða er til náms, félagslífs og íþróttaiðkunar við skólann og heimavistaraðstaða er með því besta sem gerist á landinu. Kennir er á fjórum

námsbrautum, félagsfræðibraut til stúdentsprófs, náttúrufræði til stúdentsprófs, starfsnám í íþróttfræði og íþróttagreinum og almennri námsbraut. Rúmlega 100 nemendur stunda nám við skólann og koma þeir alls staðar að af landinu. Ekki fer á milli mála að lögð er áhersla á persónulega þjónustu og umhyggju gagnvart nemendum í framhaldsskólanum á Laugum enda búið vel að nemendum og starfsliði skólans. Formaður Framsýnar talaði við nokkra nemendur sem allir sögðust afar ánægðir með veru sína í skólanum. Kennslan, aðbúnaður og umgjörðin öll væri til mikillar fyrirmyndar. „Þetta er frábær skóli eins og einn nemandinn orðaði það og hér kynnist maður nemendum úr flestum landshornum sem gefur skólanum aukið vægi“ Formaður Framsýnar þakkar fyrir góðar móttökur og kynningu á starfsemi skólans en honum var ekki leyft að fara fyrir en hann hafði borðað með nemendum og starfsliði skólans þrátt fyrir að hann sé í aðhaldi þessa dagana.

Samgönguminjasafnið vinsælt



Þegar fulltrúi Framsýnar leit við hjá Sverri var hann að gera upp gamla vél úr belta dráttarvél frá árinu 1947 sem Sigurjón stórbóndi á Alafossi keypti til landsins.

Samgönguminjasafnið í Ystafelli í Pingeyjarsveit verður alltaf vinsælla meðal ferðamanna. Í sumar komu um 3500 gestir í safnið og hafði fjölgað um 10 - 15% milli ára. Um 80% gestanna eru Íslendingar. Á safninu eru 60 til 70 bílar til sýnis. Þá er einnig að finna ljósmyndir af gömlum bílum. Næsta sumar stendur til að halda upp á afmæli safnsins en þá verða liðin 10 ár síðan safnið opnaði formlega í glæsilegu húsnæði. Þessar upplýsingar

komu fram þegar fulltrúi Framsýnar heimsótti Samgönguminjasafnið. Sverrir Ingólfsson forstöðumaður safnsins tók á móti Aðalsteini og leiddi hann um safnið auk þess að bjóða honum upp á léttan málsverð í hádeginu. Það er aðdánarvert að sjá hvað Sverrir og fjölskylda hans hafa byggt upp öflugt safn, ekki síst þar sem Sverrir er fatlaður og þarf því að hafa töluvert meira fyrir hlutunum en aðrir sem glíma ekki við sömu fötlun og hann.

Allir í jólasþápi



Alls eru um 7 stöðugildi hjá Skógrækt ríkisins á Vöglum. Starfsmenn tóku vel á móti formanni Framsýnar í morgunsárið.

Formaður Framsýnar heimsótti starfsmenn Skógræktarinnar á Vöglum nýverið en þar starfa sjö starfsmenn. Í sumar voru 100 ár síðan starfsemi skógræktarinnar hófst á Vöglum í Fnjóskadal. Starfssvæðið nær frá Jökulsá á Fjöllum í austri að Hrutafirði í vestri. Starfsemi Skógræktarinnar á Vöglum er fjölbreytt. Öflug frærækt er á staðnum og þar eru stundaðar kynbætur á fræjum. Töluverð framleiðsla er á íslenskum eldivíð

sem fer í verslanir víða um land. Þá er kurlíð frá skógræktinni vinsælt og notað til reykningar á hangikjöti hjá Norðlenska. Þegar formaður Framsýnar var á staðnum stóð yfir sögun á jólatrjám en íslensk jólatré eru alltaf vinsæl og færri fá en vilja. Formaðurinn fékk góða tilsögn um stafseminu auk þess sem starfsmenn höfðu áhuga á að tala um kjara- og atvinnumál, Vaðlaheiðagöng og verkalyðsmál.

Ilmandi brauðlykt



Steini, Kári og Ingvar settust aðeins niður áður en þeir héldu svo áfram að baka vandræði nei brauð!

Í morgunsárið einn daginn í nóvember fóru fulltrúar Framsýnar í heimsókn í Heimabakarí á Húsavík en eins og áður hefur komið fram, þá standa yfir vinnustaðaheimsóknir á vegum félagsins. Heimabakarí er þekkt fyrir góða vöru og sennilega besta brauðið á Íslandi. Fulltrúar Framsýnar fengu strax á sig skot frá starfsmönnum þegar þeir opnuðu dyrnar, það er allt í lagi að vakna áður en menn koma í heimsókn til

okkar og svo var hlegið. Klukkan var að verða sjö að morgni og starfsmenn Heimabakarís löngu vaknaðir og búnir að vinna í nokkra klukkutíma. Fulltrúar Framsýnar virkuðu hins vegar hálf sofandi enda ekki vanir að vakna svona snemma. Starfsmennirnir í Heimabakarí voru hressir að vanda og mikið að gera enda laufabrauðsvertið framundan.



Harpa Steingrims hélt áfram vinnu þrátt fyrir að strákarnir settust niður til að fá sér kaffi.

Vinnsla í fullum gangi hjá Vísi

Formaður Framsýnar notaði afmælisdaginn sinn 11. nóvember og fór í heimsókn til starfsmanna Vísis hf. á Húsavík, áður Fiskiðjusamlags Húsavíkur. Aðalsteinn starfaði lengi

hjá Fiskiðjusamlaginu og m.a. með nokkrum starfsmönnum sem enn eru starfandi hjá Vísi. Það var góður andi á vinnustaðnum og flestir ef ekki allir í góðu skapi.



Sveinbjörn, Dórarinn, Laufey og Svala ræða hér við formann Framsýnar um hjóðmálin og áttökin sem verið hafa innan verkalýðshreyfingarinnar.

Menn reykja ekki bara kjöt!



Jóhann Sævarsson framleiðslustjóri og Helga Kristjánsdóttir trínaðarmaður starfsmanna fara hér yfir málin.

Á Húsavík er rekið fyrirtæki í gamla húsnæði Mjólkursamlags Kaupfélags Pingeyinga sem sérhæfir sig í bitaframleiðslu á reyktnum fiski. Fyrirtækið heitir Reykfiskur og um 15 starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu. Undanfarið hefur mikið verið að

gera hjá fyrirtækinu. Það kom fram þegar fulltrúi Framsýnar leit við og spjallaði við starfsmenn og yfirmann fyrirtækisins á Húsavík en fyrirtækið er í eigu Samherja. Hjá Reykfiski starfar frábært starfsfólk sem mikil verðmæti eru í.



Við erum tvær úr tungunum..... María Jónsdóttir og Urszula Kuderska eru kraftmiklar konur og því góðir starfskraftar.



Kristján Þráinsson hefur starfað lengi hjá Vísi, áður Fiskiðjusamlagi Húsavíkur. Hann er frábær starfsmaður og brosti þegar myndatökumaður Fréttabréfsins tók mynd af bonum.

Starfsmenn voru að vinna þorsk en aðalvinnslan er þó ýsa. Tæplega 50 manns starfa hjá fyrirtækinu og stöðug vinna hefur verið hjá Vísi undanfarna mánuði. Að sögn Víðis

verkstjóra er reiknað með að svo verði áfram fram að júlum. Framsýn og Vísir stefna að því að halda 40 stunda fiskvinnslunámskeið í byrjun janúar.

Fundað með starfsfólki Kaskó á Húsavík



Helga Jóna, Agnes og Kolbrún Ólína ræddu við fulltrúa félagsins en þær vinna í Kaskó ásamt 6 öðrum starfsmönnum.

Fulltrúi Framsýnar fundaði með starfsfólki matvöruverslunarinnar Kaskó á Húsavík. Á fundinum var m.a. farið yfir launahækkanir sem tóku gildi 1. nóvember í tengslum við framlengingu kjarasamnings Landssambands íslenskra verslunarmanna og Samtaka atvinnu-

lífsins. Á fundinum var einnig rætt um starfsmenntamál, farið yfir orlofskosti félagsins og fleira sem viðkemur starfsemi stéttarfélaganna og réttindum félagsmanna. Vel var tekið á móti fulltrúa Framsýnar og lýsti starfsfólkið ánægju sinni með vinnustaðinn.

Framsýn heiðrar GPG og starfsmenn fyrirtækisins



Starfsmenn voru ánægðir með viðurkenninguna frá Framsýn og fengu sér góðan bita af tertunni góðu. Það var ekki bara á Húsavík sem starfsmenn GPG fengu tertu. Starfsmenn fyrirtækisins á Rauðarhöfn fengu einnig bragðgóða tertu.

Formaður Framsýnar fór í heimsókn í fyrirtækið GPG-Fiskverkun á Húsavík. Tilefnið var að heilsa upp á starfsmenn og að færa þeim tertu frá félaginu í tilefni af því að fyrirtækið greiddi mest allra fyrirtækja til Framsýnar á árinu 2008. Hér er átt við greiðslur fyrirtækisins í kjarasamningsbundna sjóði og félagsgjöld starfsmanna. GPG- Fiskverkun hefur rekið öflugar fiskvinnslur á Húsavík og á Rauðarhöfn auk þess að gera út nokkra báta. Þá kemur fyrirtækið einnig að rekstri fiskvinnslu og útgerðarfyrirtækis í Stykkishólmi í gegnum dótturfélag. Um 90 starfsmenn vinna hjá GPG og um 10 þúsund tonn eru unnin hjá fyrirtækinu á hverju ári. Gunnlaugur Karl framkvæmdastjóri sagði vörur fyrirtækisins seljast mjög vel og gengið væri hagstætt en ytri aðstæður s.s. vaxtabyrði af lánum væru erfiðar eins og hjá öðrum fyrirtækjum í atvinnurekstri á Íslandi.



Gunnlaugur Karl, framkvæmdastjóri GPG, við tertuna góðu.

Hann fylgdi formanni Framsýnar um fyrirtækið og gerði honum grein fyrir helstu vinnsluáðferðum fyrirtækisins. Starfsmennirnir voru ánægðir með heimsóknina ekki síst þar sem þeim var færð ljúffeng tertu úr Heimabakaríi.

Glæsileg útkoma!!



Það er alveg full ástæða þessa dagana fyrir félagsmenn stéttarfélaganna í Pingeyjarsýslum til að gleðjast yfir góðum árangri. Mynd, Halldór Hreiðarsson.

Nú er lokið viðhorfskönnun er viðkemur þjónustu Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík og þar með starfsemi stéttarfélaganna. Könnunin var framkvæmd á tímabilinu 29. október til 20. nóvember 2009. Öllum þeim sem leituðu eftir þjónustu á Skrifstofu stéttarfélaganna á tímabilinu var boðið að taka þátt í könnuninni, það er félagsmönnum, atvinnurekendum og öðrum þeim sem leituðu til skrifstofunnar. Þá hefur verkalyðshreyfingin átt undir högg að sækja því samkvæmt könnun sem Markaðs- og miðlunarrannsóknir ehf. gerðu nýlega bera aðeins 25% landsmanna mikið traust til hreyfingarinnar á landsvísi. Þetta viðhorf er greinilega ekki til staðar í Pingeyjarsýslum.

Niðurstaðan er þessi:

138 eða 98,6% sögðust ánægðir með starfsemi Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík og þar með Framsýnar- stéttarfélags.

Einn skilaði auðu eða 0,7% og einn tók ekki afstöðu til þjónustunnar eða 0,7%.

Af þeim sem tóku afstöðu voru

því allir ánægðir með þjónustu stéttarfélaganna í Pingeyjarsýslum sem er frábær árangur ekki síst í ljósi þess að öllum var boðið að taka þátt í könnuninni það er félagsmönnum, atvinnurekendum og öðrum þeim sem leituðu til skrifstofunnar. Þá hefur verkalyðshreyfingin átt undir högg að sækja því samkvæmt könnun sem Markaðs- og miðlunarrannsóknir ehf. gerðu nýlega bera aðeins 25% landsmanna mikið traust til hreyfingarinnar á landsvísi. Þetta viðhorf er greinilega ekki til staðar í Pingeyjarsýslum.

Aðildarfélag Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík munu hér eftir sem hingað til leitast við að veita góða þjónustu og standa vörð um hagsmuni félagsmanna og félagssvæðisins í heild sinni. Þá er full ástæða til að þakka Pingeyingum fyrir traustið sem þeir bera til starfsemi stéttarfélaganna í Pingeyjarsýslum.

Ungir gestir í heimsókn



Nemendur FSH voru ánægðir með kynninguna á starfsemi stéttarfélaganna.

Fyrir nokkru kom hópur nemenda úr Framhaldsskólanum á Húsavík í heimsókn á Skrifstofu stéttarfélaganna til að kynna sér starfsemi stéttarfélaganna auk fræðslu um atvinnulíf í Pingeyjarsýslum. Nemendurnir hlustuðu af athygli og spurðu töluvert út í starfsemina.

Heimsóknir sem þessar eru alltaf jafnan ánægjulegar enda mikilvægt að ungt fólk viti sem mest um sín réttindi og þar með starfsemi stéttarfélaganna. Þegar þau yfirgáfu skrifstofuna sögðust þau vera miklu nær um viðfangsefni stéttarfélaganna en þau voru áður.



Guðrún Stavars og Björk Breiðfjörð eru duglegar að fá sér göngutúra um Húsavík og nágrenni eins og fleiri húsavíkingar. Hér kasta þær mæðinni á Skógargæðismehnum áður en göngunni er fram haldið.



Tveir góðir saman, þeir Þóririnn Illugason og Gísli Kristjánsson ræða hér málin í sláturbúsi Norðlenska á Húsavík í haust. Hugsanlega er verið að tala um meðahvít eða fjöð hans Gísla sem þykkir litskrúðugt með afbrigðum.

Samherji greiðir launauppbót



Starfsfólk Silfurstjörnunnar og Reykfishs fέkk nýverið góða launauppbót.

Samherji hefur ákveðið að greiða 300 starfsmönnum sínum í landi 100 þúsund króna launauppbót, miðað við fullt starf. Uppbótin var greidd með launum um síðustu mánaðamót og bætist við umsamda desemberuppbót sem greidd er á sama tíma.

Miðað við mjög krefjandi rekstrar- umhverfi hefur rekstur Samherja gengið vel á árinu. Starfsfólk félagsins hefur lagt sig fram í störfum sínum og um að þjónusta kröfuharða viðskiptavini félagsins eftir bestu getu. Fyrir það vill Samherji þakka með þessari launauppbót núna í aðdraganda jólaanna.

“Þetta er í annað skiptið á árinu

sem Samherji greiðir starfsfólki sínu launauppbót umfram kjarasamninga, en það var einnig gert síðastliðið vor. Nú fer í hönd einn útgjaldamesti mánuður ársins hjá flestum fjölskyldum og þess vegna ákváðum við að umbuna starfsfólki okkar fyrir frábært starf á árinu,” segir Gestur Geirsson, framkvæmdastjóri landvinnslu Samherja.

Samherji á og rekur tvö fyrirtæki á félagssvæði Framsýnar, Silfurstjörnuna í Óxarfirði og Reykfish á Húsavík. Starfsmenn þeirra munu, eins og aðrir starfsmenn Samherja, njóta launauppbótarársins. Framsýn fagnar þessu framtaki Samherja, sem er öðrum fyrirtækjum til eftirbreytni.

Orlofsíbúð á Akureyri

Framsýn hefur gengið frá samkomulagi við Verkalýðsfélag Akraness um afnot af orlofsíbúð sem er í eigu félagsins á Akureyri fyrir félagsmenn stéttarfélaganna í Pingeyjarsýslum. Samkomulagið gildir í vetur. Íbúðin er í Furulundi 8 og er endaíbúð á efri hæð. Hægt er að fá leigðar stakar nætur eða í lengri tíma. Það eru bara helgarnar sem leigjast út í heilu lagi. Vikuleigan er kr. 16.000. Helgarleigan (frá kl. 16:00 á föstudegi til kl. 14:00 á mánudegi) er kr. 10.000,-. Íbúðin er 53 fm, 2 svefnherbergi, stofa, eldhús og baðherbergi

með sturtu. Svefnpláss er fyrir 4 í herbergjunum og hægt er að fá gestarúm og barnarúm. Sængur og koddar eru fyrir 6 manns. Gasgrill er á svölum. Í íbúðinni er þvottavél. Lyklar eru afhentir hjá Securitas, Tryggvabraut, Akureyri gegn framvísun leigusamnings. Áhugasömum er beint á að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna. Með þessu samkomulagi við Verkalýðsfélag Akraness er Framsýn að bæta enn frekar þjónustuna við félagsmenn. Það er jú markmiðið.

Stöndum saman!

Ef þú veist um einhvern sem á erfitt um jólin og vantar mat eða fatnað eða ef þú stendur sjálf/ur í þessum sporum endilega hafðu þá samband við Aðalstein á Skrifstofu stéttarfélaganna. Stéttarfélagin

eru í góðu sambandi við nokkur velferðarsamtök sem vilja láta gott af sér leiða með aðstoð til þeirra sem eiga erfitt um jólin. Farið er með allar ábendingar sem trúnaðarmál.

Viltu viðhalda réttindum í atvinnuleysi?

Til að viðhalda réttindum hjá stéttarfélagunum þurfa þeir sem verða atvinnulausir að greiða félagsgjald af atvinnuleysisbótum. Sama á við um þá sem fá greiðslur

frá fæðingarorlofsjóði þegar þeir eru í fæðingarorlofi. Vinsamlegast leitið frekari upplýsinga á Skrifstofu stéttarfélaganna ef eitthvað er óljóst.

Undarleg vinnubrögð á þingi SGS

Stjórn Framsýnar kom saman til að ræða starfsemi Starfsgreinasambandsins og ákvörðun kjörnefndar um að gera ekki tillögu um Aðalstein Á. Baldurssonar áfram sem sviðstjóra Matvælasviðs sambandsins á síðasta þingi sambandsins. Fjölmarginir hafa fordæmt vinnubrögðin sem viðhöfðu voru á þinginu. Stjórnarmenn töldu þetta ólíðandi vinnubrögð með öllu og gengu frá eftirfarandi samþykkt:

Ályktun um ímynd verkalýðshreyfingarinnar
Framsýn telur að þau vinnubrögð sem viðhöfðu voru á þingi Starfsgreinasambands Íslands séu verkalýðshreyfingunni til ævarandi skammar. Að fámenn valdaklíka komist upp með að bola í burtu einum öflugasta verkalýðsleiðtoga landsins sætir furðu, það er sviðstjóra Matvælasviðs sambandsins. Þetta gerist á sama tíma og hann fær mikið lof fyrir sín störf og flestum ber saman um að Matvælasviðið hafi verið öflugasta svið sambandsins. Samkvæmt könnunum er ímynd

verkalýðshreyfingarinnar slæm um þessar mundir. Aðeins 25% þjóðarinnar bera traust til hennar samkvæmt nýlegri könnun. Á sama tíma er stórmærilegt að leiðandi öfl skuli vinna gegn þeim manni sem leiðir eitt traustasta stéttarfélag landsins. Samkvæmt könnun Capacent Gallup eru 96% félagsmanna ánægðir með störf Framsýnar, 4% tóku ekki afstöðu sem er glæsileg niðurstaða.

Framsýn stéttarfélag hefur verið þekkt fyrir að hafa skoðanir á flestum málum og hefur falið formanni félagsins umboð til að fylgja þeim eftir á opinberum vettvangi. Félagið áskilur sér rétt til að gera það áfram og hafnar öllum þeim tilburðum sem byggja á því að kæfa niður lýðræðislega umræðu í verkalýðshreyfingunni. Þá hafnar félagið öllum tilraunum sem miða að því að einkavinavæða verkalýðshreyfinguna. Það er, að fáum útvöldum leyfist að tjá sig um verkalýðsmál, meðan öðrum er ætlað að þegja. Slík skoðanakúgun er verkalýðshreyfingunni til vansa.

Jólaboð stéttarfélaganna

Stéttarfélögin í Pingeyjarsýslum verða með opið hús laugardaginn 12. desember frá kl. 14:00 til 18:00. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti auk þess sem tónlistarmenn, jólasveinar og kórar munu koma fram með skemmtiatriði.

Allir velkomnir.

Framsýn-stéttarfélag
Starfsmannafélag Húsavíkur
Þingið



Setið og spjallað um allt milli himins og jarðar á Stórutjörnum. Kjaramál, atvinnumál, Vaðlaheiðargöng og forystufé var meðal þess sem spjallað var um á fundi starfsmanna með fulltrúa Framsýnar.

60 ára baráttuborðar fundust á háalofti Gömlu slagorðin í fullu gildi! -



Eins og fram hefur komið í Skarpi, hefur verið mikið um að fólk skipti um eða geri við húspök á Húsavík í sumar. Og þá hefur ýmislegt komið í ljós uppi á háaloftum. M.a. í húsinu við Ásgarðsveg 14. Þar fannst upprúlaður pappírstrangi og þegar að var gáð, komu í ljós heljarmikil áróðursskili, væntanlega frá 1. maí 1948, eins og stóð á einum borðanum. Textarnir voru málaðir á venjulegan brúnan maskinupappír, með hvítum stöfum á rauðan grunn. Og þar mátti lesa slagorð á borð við: "Öreigar allar landa sameinist! Lifi Alþýðusamband Íslands! Stöndum vörð um sjálfstæði Íslands! Verjum unna sigra í hagsmunum

og réttindamálum alþýðunnar! Aukum völd alþýðunnar í íslensku þjóðlífi! Lifi alþýðusamband verkalýðsfélaganna! Láttum ekki stöðva nýsköpun atvinnuvega!" Jón Friðrik Einarsson og Friður Helga Kristjánsdóttir sem búa að Ásgarðsvegi 14 afhentu, þessi stórmerku skili Á. Aðalsteini Á. Baldurssyni, formanni Framsýnar, sem ætlar að varðveita þau og vonandi gera sýnileg, enda merkilegar heimildir úr sögu verkalýðsbaráttunnar. Og hann hvatti fólk, sem stendur í þakviðgerðum, til að hafa augun hjá sér fyrir þeim minjum sem háaloftin geyma. (Heimild, Skarpur)

Menntun er málið

- kynntu þér réttindi þín!

- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun innan stofnana ríkisins á landsbyggðinni
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna
- Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Ríkismenntar



Ríkismennt SGS er þróunar- og símenntunarsjóður starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan aðildarféлага Starfsgreinasambands Íslands (SGS)



Skeifan 8 2. hæð • 108 Reykjavík • sími: 599 1450 fax: 599 1401 • www.rikismennt.is • rikismennt@rikismennt.is

Unnur inn, Bogga út



Á síðasta þingi Alpýðusambands Norðurlands lét Kristbjörg Sigurðardóttir af formennsku í sambandinu en hún hefur verið það síðustu tvö árin. Bogga hefur staðið

sig vel sem formaður og skilar góðu búi. Unnur Guðjónsdóttir kom ný inn í stjórn og verður fulltrúi Framsýnar í stjórn sambandsins næstu tvö árin.

Ísfélag Vestmannaeyja greiðir jólabónus

Stjórn Ísfélags Vestmannaeyja hefur ákveðið að greiða starfsmönnum sínum í landi tvöfalda desemberuppbót í ár sem þakklætisvott fyrir góðan árangur í landvinnslu. Samkvæmt kjarasamningi er desemberuppbót 45.600. kr. og greiðir Ísfélagið því nú 91.200.- kr. fyrir fullt starf og öðrum hlutfallslega. Desemberuppbótin var greidd út með launum þann 3. desember. Í tilkynningu til starfsmanna er þetta tekið fram um leið og Ísfélagið óskar starfsmönnum sínum og fjölskyldum þeirra gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á nýju ári. Verkalýðsfélag Þórshafnar fagnar ákvörðun Ísfélagsins en fyrirtækið er með öfluga starfsemi á Þórshöfn.



Ísfélagið gerði vel við starfsmenn fyrir jóln.

Sjómenn eðlilega argir!

Nú er til umræðu á Alþingi að fella niður sjómannaafsláttinn í áföngum. Þannig ætla stjórnvöld að ná fram rétt um einum milljarði í auknar skatttekjur. Sjómenn eru að sjálfsögðu ekki ánægðir með tillöguna enda hluti af þeirra kjörum. Verði niðurstaðan sú að Alþingi samþykki þessa árás á kjör sjómanna er eðlilegt að sjómönnum verði bættur upp skaðinn í næstu kjarasamningum. Við annað verður ekki unað.

Það sem vekur töluverða athygli er að háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn hafa verið mjög áberandi í þessari umræðu og lagt til að sjómannaafslátturinn verði felldur niður. Þeir benda hins vegar ekki á árangurrikari leið til að laga stöðuna fyrir ríkið, það er að krukka í lífeyrissjóðakerfinu hjá ríkisstarfsmönnum og jafna það við lífeyrissjóðakerfið á almenna vinnumarkaðinum. Árið 2007 voru lífeyrisskuldbindingar ríkisins umfram eignir Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, B-deildar, um 351, 4 milljarðar og hafði aukist um 84 milljarða milli ára. Meðan sjómenn og aðrir launþegar á almenna vinnumarkaðinum þurfa að taka á sig skerðingar, standi þeirra lífeyrissjóðir ekki undir lífeyrisskuldbindingum,

tryggir ríkið með skatttekjum lífeyrissjóðsskuldbindingar ríkisstarfsmanna og þar með þingmanna sem eru með málið til umfjöllunar á Alþingi. Sem sagt, á sama tíma og sjómaðurinn tekur á sig skerðingar á lífeyri þarf hann með sínum sköttum að tryggja að sjóðsfélagar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins haldi fullum rétti úr sínum sjóði. Þetta er að sjálfsögðu mjög óréttlátt kerfi, sjómanninum og öðrum launþegum á almenna vinnumarkaðinum í óhag. Milljarðurinn sem leggjast mun á sjómenn við afnám sjómannaafsláttarins dugar skammt upp í gatið sem er á lífeyrissjóðsskuldbindingum ríkisins gagnvart ríkisstarfsmönnum. Þeir sem berjast þessa dagana fyrir afnámi sjómannaafsláttarins ættu að gefa þessu óréttlæti gaum. Jöfnunin er ekki bara fólgin í að fella niður sjómannaafsláttinn, hún hlýtur einnig að fellast í að lífeyrissjóðsréttindin verði jöfnuð milli opinberra starfsmanna og starfsmanna á almenna vinnumarkaðinum. Eða er það ekki? Vonandi verður ekki þörf á því að hrófla við þessum réttindum, eða sjómannaafslættinum og í framtíðinni búi allir lífeyrissjóðir á Íslandi við sömu tryggingarákvæði gagnvart sjóðfélögum.

Dagbækur

Félagsmenn geta nálgast minnisbækur/dagbækur og dagatöl fyrir árið 2010 á Skrifstofu stéttarfélaganna. Þeir sem búa utan Húsavíkur geta hringt á skrifstofuna

og fengið dagbækurnar og dagatölin send til sín í pósti. Minnisbókinni og dagatölunum er að venju dreift ókeypis til félagsmanna.

Vel heppnuð kynning



Framsýn stóð fyrir kynningu í vikunni á möguleikum fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga á styrkjum til starfsmenntunar. Kristín Njálsdóttir forstöðumaður Ríkismenntar, Sveitamenntar og Landsmenntar

gerði fundarmönnum grein fyrir úthlutunarreglum og starfsreglum sjóðanna. Fundurinn tókst afar vel og mættu á fjórða tug manna á fundinn



Sjómenn!

Aðalfundur Sjómannaeyldar Framsýnar-stéttarfélags verður haldinn miðvikudaginn 30. desember 2009 í fundarsal félagsins. Fundurinn hefst kl. 16:00.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Mikilvægt er að sjómenn láti sjá sig á fundinum. Í lok fundar verður boðið upp á hefðbundnar veitingar og hugsanlega kemur jólasveininn í heimsókn.

Framsýn-stéttarfélag



Sveitamennt

styrkur þinn til náms



Sveitamennt er starfsmenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands



- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun innan sveitarfélaga og stofnana þeirra á landsbyggðinni
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna
- Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðstjórn skipuleggur
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Sveitamenntar



Skeifan 8, 2. hæð • 108 Reykjavík • Sími: 5991450 • Fax: 5991401
www.sveitamennt.is • sveitamennt@sveitamennt.is

Landsmennt skapar tækifæri

- kynntu þér möguleikana




- Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni
- Verkalýðsfélögin sjá um afgreiðslu einstaklingsstyrkja í umboði sjóðsins
- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun í fyrirtækjum



Landsmennt

Skeifan 8, 2. hæð • 108 Reykjavík • Sími: 5991450 • Fax: 5991401 • www.landsmennt.is • landsmennt@landsmennt.is



Gjafakort Íslandsbanka

– jólagjöf sem kemur að gagni

Með Gjafakorti Íslandsbanka hittir þú örugglega í mark og getur verið viss um að gefa gjöf sem allir kunna að meta.

- ◆ Tilbúin gjöf í fallegum umbúðum
- ◆ Gildir í verslunum um allan heim og á Netinu
- ◆ Virkar eins og önnur greiðslukort



Gjafakort Íslandsbanka fæst í öllum útibúum bankans.